

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um innflutning og sölu áfengis.

Frá Sigurði Inga Jóhannssyni.

- Telur ráðherra að allur innflutningur og sala áfengis standist skatta- og tollalög?
- Hvað hefur verið gert í ráðuneytinu á undanförunum fimm árum, á grundvelli skatta- og tollalaga, til að hafa eftirlit með því að innflutningur og sala áfengis fari fram með löglegum hætti?
- Hver hefur þróun á heildarinnflutningi áfengis verið ár hvert sl. tíu ár? Svar óskast sundurliðað eftir magni sem hefur farið til hvers flokks viðtakenda, þ.e. til ÁTVR, til smásala og til annarra, t.d. netsala.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar segir að áfengisneysla Norðurlandaþjóðanna, þar sem áfengissala er ríkisrekin, sé að meðaltali mun minni en hjá Evrópuþjóðum þar sem hún er frjáls, eða 7–8 lítrar á hvern íbúa 15 ára og eldri hjá Norðurlandaþjóðunum á móti 11 lítrum hjá samanburðarþjóðum. Í því ljósi er fyrirspurnin lögð fram.